

Ákærðu ber að dæma til greiðslu in solidum á öllum sakarkostnaði.

Dómsorð:

Ákærðu, Sveinbjörn Benediktsson og Einar Garibaldi Einarsson, sæti hvor um sig 45 daga fangelsi. Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og niður skal hún falla, að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Sveinbjörn Benediktsson greiði Jóni Ísak Magnússyni kr. 110.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. júní 1956.

Nr. 81/1956. **Orkuvötn h/f**

gegn

Raforkumálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramur Hæstaréttar.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 30. f. m., sem hingað barst 1. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð aukadómpings Ísafjarðarsýslu, upp kveðinn 24. f. m. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um dómkvaðningu þá, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar að mati dómsins.

I máli þessu hefur varnaraðili, raforkumálaráðherra, krafizt þess, að dómkvaddir verði tveir menn samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 61/1917 til að meta til fjáröll vatnsréttindi í svonefndum Mjólkám í landareign jarðanna Borgar og Dynjandi í Auðkúluhreppi í Ísafjarðarsýslu svo og í Hófsá í landareign Rauðsstaða í sama hreppi. Enn fremur verði þeim falið að meta réttindi til sand- og malar-töku og til umferðar og afnota af landi greindra jarða vegna fyrirhugaðra vatnsvirkjunarframkvæmda af hálfu ríkisins. Réttindi þessi öll eru talin eign sóknaraðilja, og hyggst ríkisstjórnin taka þau eignarnámi. Styður hún kröfu sína við 54. gr. laga nr. 15/1923. Sóknaraðili hefur andmælt því, að dómkvaðning fari fram, með þeim rökum, að eignarnám téðra réttinda sé óheimilt. Vísar hann því til stuðnings til 4. gr. laga nr. 54/1954, er hann telur óheimila notkun greinds lagaákvaðis, að því er varðar umrædd vatnsréttindi.

Hina tilvitnuðu 4. gr. laga nr. 54/1954 verður að skilja á þá leið, að hún heimili ríkisstjórninni að festa kaup á framangreindum vatnsréttindum með samningi við rétta aðilja, ef viðunandi kjör fást, en svipti ráðherra hins vegar ekki þeim rétti, sem honum er veittur í 54. gr. laga nr. 15/1923, til að taka vatnsréttindi þessi lögnámi, ef slík kjör fást ekki að dómi ríkisstjórnarinnar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 600.00 í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Orkuvötn h/f, greiði varnaraðilja, raforkumálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Ísafjarðarsýslu 24. maí 1956.

Málavextir eru þeir, að Sveinbjörn Dagfinnsson hdl. hefur með bréfi, dags. 17. maí s.l., óskað þess, að dómkvaddir verði 2 menn til þess að meta vatnsréttindi í landi jarðanna Borgar og Dynjandi og vatnsréttindi Hófsár í landi Rauðsstaða í Auðkúluhreppi

svo og sand- og malartöku og rétt til afnota af landi, allt eign Orkuvatna h/f. Hann hefur vitnað til 54. gr. vatnalaga sem heimildar fyrir eignarnáminu.

Gústaf A. Sveinsson hrl., sem mætti í málinu vegna Orkuvatna h/f, hefur mótmælt, að dómkvaðningin verði framkvæmd. Hefur hann haldið því fram, að vatnalögin giltu ekki um þetta efni, heldur lög nr. 54/1954 um orkuver Vestfjarða. Í 4. gr. þeirra laga væri ríkisstjórninni heimilað að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást. Hann hefur haldið því fram, að ekki fælist í þessu nein heimild til eignarnáms, enda ekki á það minnst í lögnum, og yrði þetta ljósara af niðurlagi greinarinnar. Með þessum lagaákvæðum væri ríkisstjórninni aðeins heimilað að kaupa vatnsréttindi með samkomulagi við eigendur, og hefði hún enga heimild til kaupa eða eignarnáms, ef ekki næðust með samningum kjör, sem teldust viðunandi. Þá hefur hann haldið því fram, að ekki hefðu farið fram fullnægjandi samkomulagstilraunir.

Þessum skilningi hefur Sveinbjörn Dagfinnsson mótmælt.

Á dómsskjali nr. 2 er hins vegar upplýst, að samningsumleitarnir hafa orðið árangurslausar.

Dómarinn getur ekki fallið á röksemdafærslu hæstaréttarlögmannsins. Ef ætlunin hefði verið að banna ríkisstjórninni að ná eignarhaldi á umræddum vatnsréttindum með eignarnámi, ef ekki semdist um viðunandi kjör, hefði mátt vænta þess, að það hefði verið tekið fram í lögnum.

Hins vegar þurfti ekki að veita ríkisstjórninni heimild til eignarnáms í þessum sérlögum, sökum þess að hin almenna heimild 54. gr. vatnalaganna var fyrir hendi.

Niðurstaða dómarans verður því sú, að hin umbeðna dómkvaðning skal fram fara. Á hinn bóginn tekur dómarinn ekki ákvörðun um matskostnaðinn.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna dómkvaðning skal fram fara.